



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Íslenska 1. - 2. bekkur

Kennarar: Belinda Ýr Hilmarsdóttir, Flóki Jakobsson, Linda Heiðrún Þórðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir og Unnur Björg Stefánsdóttir. Sérkennari: Lilja Bjarnþórsdóttir

Megintilgangur íslenskukennslu er að nemendur fái tækifæri til að nota og þróa tungumálið í ræðu og riti, efla tjáningu, skilning og sköpun og læri að meta gildi málsins í daglegu lífi, námi og samskiptum. Íslenskan er lykilatriði í því hvernig fólk hugsar, lærir, tjáir sig og tengist öðrum og skólinn gegnir lykilhlutverki í að styðja við þessa færni frá upphafi skólagöngu, í samstarfi við heimilin. Mikilvægt er að allir nemendur, líka þeir sem hafa annað móðurmál eða nota íslenskt táknmál, fái tækifæri til að tileinka sér íslensku og nota hana á eigin forsendum. Kennslan á að byggja á samþættingu allra þátta tungumálsins – hlustun, tal, lestur, ritun og málnotkun – með það að markmiði að nemendur læri að tjá sig skýrt, hugsa gagnrýnið og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt í skóla og samfélagi.

Námið stuðlar að tæknilæsi, miðlalæsi og ábyrgri notkun upplýsinga þar sem nemendur þjálfast í gagnrýninni hugsun, sköpun, samvinnu og lausnaleyti. Kennslan á að efla tæknivitund nemenda, áhuga á stafrænum lausnum og hæfni til að skilja og bregðast við tæknilegum áskorunum nútímans. Með því að samþætta upplýsingatækni við aðrar námsgreinar fá nemendur tækifæri til að tengja tækni við raunveruleg viðfangsefni og þróa hæfni sem nýtist þeim í námi, leik, starfi og lýðræðislegri samfélagsþátttöku.

[Aðalnámskrá grunnskóla - íslenska](#)

Meginviðfangsefni

Lestur og bókmenntir, talað mál, hlustun og áhorf, ritun og málfræði.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Unnið verður eftir aðferðum [Leiðsagnarnáms](#) sem felur m.a. í sér að endurgjöf er veitt jafnt og þétt til nemenda á meðan verkefnavinnu stendur, nemendur vinna með námsfélögum og eru meðvitaðir um viðmið um árangur.

Áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti.

Lestrar og íslenskukennsla í 1 og 2 bekk byggist á kennsluaðferðinni Byrjendalæsi sem felur í sér víðtæka nálgun í íslenskukennslu svo sem hugtakakort, ritur, lestur, söguveg, stöðvavinnu, spil leiki og pals þar sem hljóð og heiti stafa er þjálfað ásamt umskráningu.



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Námsgögn

- Gæðabókmenntir og ýmis verkefni sem að tengjast byrjendalæsi
- K og G pals
- Lestrarbækur
- Lstrarland 1 og 2
- Skrift 1a og 1b
- Ritrún 1 og 2

Námsmat

Fjölbreytt og sveigjanlegt námsmat. Lstrarpróf og stafakannanir, leiðsagnarmat, 6 vikna ritun og frammistöðumat.